

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 21.6.2024
UST202401-327/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 16.05.2024 - Olíudreifing ehf., Örfirisey ID130

Þann 16. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., Örfirisey. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

- Ábending er sett fram um að hreinsa þurfi rusl sem safnast hefur upp á lóðinni, meðfram girðingu við sameiginlegt geymslusvæði, sunnan við geymasvæði. **Frágangur vegna þessarar ábendingar verður tekinn út í næsta eftirliti.**

Eitt frávík kom fram er varðar:

- Gr. 3.2 í starfsleyfi. Þrýstiprófa skal lagnir á 5 ára fresti. Allar 12 lagnirnar í stöðinni voru þrýstiprófaðar árið 2018 og átti því að prófa þær aftur árið 2023. Átta lagnir voru ekki þrýstiprófaðar fyrr en í janúar og febrúar 2024 og er það því frávík. **Þrýstiprófanir hafa farið fram og allar skýrslur varðandi þrýstiprófanirnar hafa verið sendar til eftirlitsaðila og frávíkinu er því lokað.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Gottskálk Friðgeirsson